

Stjórn Héraðsbókasafns A-Húnavatnssýslu

FUNDUR – 26. ágúst 2010

Fimmtudaginn 26. ágúst 2010 kom stjórn Héraðsbókasafnsins saman til fundar á safninu. Þar sem Blönduósbær hefur ekki tilkynnt formlega um fulltrúa í stjórn verða ekki kosningar, en ákveðið var samt að halda fund, m.a. til að afgreiða ársreikning 2009.

Dagskrá:

1. Ársreikningar
2. Opnunartími o. fl.
3. Önnur mál.

Afgreiðslur:

1.) Ársreikningar 2009

Fyrir lá rekstrarreikningur safnsins v/ársins 2009. Rektstrarafkoma ársins er kr. -75.232. Þess skal getið að framlag sveitarfélaga er kr. 503.116 minna en árið 2008. Gjöld ársins 2009 eru kr. 4.871.030 en ársins 2008 4.926.209 fyrir utan húsnæðiskostnað. Reikningar bornir upp og samþykktir.

2.) Opnunartími í vetur o.fl.

Katharina forstöðumaður sagði frá starfi safnsins í sumar, en aðsókn hefur verið mjög góð. Einnig sagði hún frá breytingum sem hún hefur gert. Haldinn var bókamarkaður um Húnavökuna sem var vel sóttur.

Ákveðið var að hafa opið í vetur frá 1. sept. sem hér segir:

mánudaga 14-18
þriðjudaga 14-16 "viðbót"
miðvikudaga 16-19
fimmtudaga 14-18

Opnunartími eykist þar með um 1 klst. í viku og verður hann auglýstur í Glugganum.

3.) Önnur mál

Katharina sagði frá því að hún væri í diplómanámi í bókasafns- og upplýsingafræði við Háskóla Íslands.

Mikið starf hefur verið unnið við að tölvuskra safnið, búið er að taka í notkun strikamerkiprentara, einnig er talva til notkunar fyrir almenning, sem hefur verið vel nýtt og eru þessi mál komin í góðan farveg.

Fleira ekki gert. Fundi slitið.

Stefanía A. Garðarsdóttir
Hlíf Sigurðardóttir
Gréta Björnsdóttir
Katharina A. Schneider